16 SIÐA — ÞJÓÐVILJINN ! Laugardagur 23. aprll 1977

Morgunn llfsins, eftir Jóhannes Sveinsson Kjarval.

K j arvalssýningin

Sýningarnefndin: Jóhannes Jtfhannesson, listmálari, Alfreð Guðmundsson, forstöðumaður Kjarvalsstaða, Gubmundur Benedikts-son, myndhöggvari.

Kjarvalssýningin, sem nú
hangir uppi á Kjarvalsstöoum, er
einstök í sinni röo. Safnað hefur

veriö saman myndum, sem allar
eru i einkaeign nema tvær þær
stærstu, sem eru I eigu borgar-

innar. Fæstar hafa þær verið
sýndar opinberlega á sýningu áð-
ur. Myndirnar eru frá ólfkum
timabilum á ferii Kjarvals, sú
elsta frá 1977, en sú yngsta frá ár-

inu 1968. Sýningin stendur fram
til ágústloka og er opin laugardag
og sunnudaga frá 14. til 22., en
aöra daga nema mánudaga frá 16
til 22.

Indverskir tónar í Norræna húsinu
Annaö kvöld heldur indverski
flautuleikarinn, Aniruddha
(Tublu) Banerjee, tónleika i
Norræna húsinu og hefjast þeir
k>. 8.30. Mun þetta vera i fyrsta
sinn, sem indverskur flutu-
leikari heldur tónleika
hérlendis. Er þetta þvf mikill
fengur fyrir islenzka tónlistar-
unnendur og aora, sem áhuga
kunna hafa á sliku, a6 kynnast
hér ósvikinni, klasslskri, ind-
verskri tónlist.

Aniruddha Banerjee eöa
Tublu eins og hann er kallaður,
fæddist árið 1943og stundaði allt
sitt tónlistarnám svo og allt
skyldunám I hinu vlðkunna Sri
Aurobindo Ashram í Pondi-
cherry á Indlandi. Hann hóf
flautunám tiu ára aö aldri, en
1966 varð hann nemandi Sri De-
vendra Murdeshwar eins þekkt-

asta flautuleikara Indverja, en
hann var sjálfur nemandi hins
viöurkennda meistara ind-
verskra flautuleikara, Pennalal
Gosh. Tublu leikur eins og áður
var sagt, klassiska, indverska
tónlist og hefur á valdi sinu yfir
eitt hundrað „ragas". Einnig er
hann vel heima i þjoðlögum frá
hinum ýmsu héruðum Indlands.
Auk tónleikahalds kennir hann i
Sri Aurobindo Ashram og koma
þangað nemendur viðs vegar að
úr heiminum. Hann vonast til að
geta stofnað skóla innan
skamms, sem verður helgaður
tónlist og listdansi.
Tublu kemur hér við á tón-
leikaferð sinni um Evrópu og
Bandarikin og er vonandi að Is-
lenskt tónlistaráhugafólk láti
þetta tækifæri sér ekki úr hendi
sleppa.

Gunnar Örn á Loftinu
Gunnar örn Gunnarsson hefur opnað myndlistarsýningu á Loftinu. Þetta er áttunda sýning Gunnars. Hann sýnir nú teikningar sem hann hefur gertsl. sumar oghaust. Sýningin á Loftinu verður opin I tvær vik-ur á venjulegum verslunartima og á laugardögum.

Auglýsinga-
síminn er 8-13-33

Margrét Helga Jóhannsdóttir og Arnar Jónsson f hlutverkum sluum I Straumrofum.

Hátíðarsýning á Straumrofi
Leikfélag Reykjavikur hefur
hatlðarsýningu á Straumrofum I
kvöld vegna 75 ára afmælis Hall-
dórs Laxness. Þetta er 11. sýning
á leiknum, sem frumsýndur var
16. mars. Uppselt er fyrir löngu á
þessa sýningu.
Leikstjóri að Straumrofum er
Brynja Benediktsdóttir. Með
aðalhlutverk fara Margrét Helga
Jóhannsdóttir, Jón Sigurbjörns-

son, Arnar Jónsson og Ragnheið-
ur Steindórsdóttir. Leikurinn var
áður fluttur 1934 i Iðnó og hefur
ekki verið settur á svið aftur fyrr
en nú. Þetta er fyrsta leikrit Hall-
dórs Laxness og sérstætt meðal
verka hans. Þar er fjallað um
borgaralegt umhverfi. Veruleika
mannlegrar sambúðar er snúið i
goðfræðilegt munstur, eins og
höfundur segir i leikskrá.

Blásið
í málm
Áttundu og síðustu Há-
skólatónleikar vetrarins

verða haldnir í Félags-
stofnun stúdenta við

Hringbraut í dag laugar-
daginn 23. april kl. 17.
Þá flytur málmblásaratríó fjöl-
breytta Bfnisskrá eftir nútima-
tónskáld og eldri höfunda. Leikin
verða verk eftir Purcell og
Bartök, sónata eftir Poulenc, og
tónsmiðar þriggja bandariskra
tónskálda, Edwin Avril, Lowell
Shaw og Robert Sanders.
Trióið skipa Lárus Sveinsson,
trompetleikari, Christina Tryk,
horn og Ole Kristian Hansen, sem
leikur á básúnu. Þau starfa öll
sem hljóðfæraleikarar i Sinfóniu-
hljómsveit Islands. Lárus lék ein-
leik með hljómsveitinni i vetur I
trompetkonsert Hummels.
Christina og Ole hafa leikið með
hljómsveitinni undanfarna vetur
og er Christina bandarisk en Ole
norðmaður
Þó að lúörasveitarleikur sé afar
vinsæll, eru kammerverk fyrir
málmbíásara miklu sjaldheyrð-
ari, en hér gefst harla óvenjulegt
tækifæri til þess að heyra slfka
tónlist.

Þýska sendiráðið:

Afhendir

borginni
bókagjöf

A miðvikudaginn afhenti sendi-
herra Þýska sambandslýðveldis-
ins Raymond Hergt Reykjavíkur-
borg bókagjöf við athöfn i Höfða.
Veitti borgarstjóri gjöfinni við-
töku og rétti áfram til borgar-
bokavarðar.

Elfa Björk Gunnarsdóttir borg-
arbókavörður kvaðst ekki vita til
þess að neitt sérsakt tilefni væri
til þessarar gjafar, starfsmenn
sendiráðsins hefðu komið að máli
við sig i desember sl. og spurt
hana hvort safnið ætti nóg af
þýskum bókum. Hún kvað svo
ekki vera og spurðu þeir þá hvað
helst skorti. Safnfólk nefndi helst
til skáldverk.

Bókagjöfin er hins vegar mun
fjölbreyttari. Hún telur 250 bindi
en þar af er liðlega helmingur
skáldverk. Eru I þvi safni ýmsir
þekktustu rithöfundar þýskrar
tungu á þessari öld, svo sem
Bertold Brecht, Heinrich Böll,
Max Frisch, Friedrich Durren-
matt, Hermann Hesse, Thomas
Mann og Gunter Grass svo ein-
hverjir séu nefndir. I hinum hlut-
anum kennir margra grasa, þar
eru ævisögur, endurminningar,
listaverkabækur, landafræði,
ferðabækur, sagnfræði o.fl.
Bækur þessar eru ætlaðar til út-
láns og verður þeim komið fyrir I
aðalsafni Borgarbókasafn s
Reykjavikur, Þingholtsstræti 29a.
— ÞH

Fyrstu einkatón-leikar ungs píanóleikara
Ungur pianöleikari, Selma
Guömundsdóttir, heldur fyrstu
einkshljdmleika sina I Reykja-
vfk idag, laugardag. Verða þeir
i Austurbæjarbíói og hef jast kl.
14.30.

Selma hóf pianónám aðeins 7
ára gömul en 1963 hóf hún nám
vio Tónlistarskólann I Reykja-
vík þar sem hún naut tilsagnar
þeirra Asgeirs Beinteinssonar
og Arna Kristjánssonar. Selma
lauk einleikaraprófi frá skólan-

um áriö 1972 en sfðan hefur hún
stundað framhaldsnám hjá
prófessor Hans Leygraf I Salz-
burg og Hannover og hlaut hún
til þess þýskan styrk árin 1974-6.
Auk þessa hefur hún sótt nám-
skeiö I Prag og Nice.
A tónleikunum i dag, sem
haldnir eru á vegum Tónlistar-
félagsins flytur Selma verk eftir
Franz Schubert, Franz Liszt,
Arnold Schönberg, Alexander
Scriabine og Robert Schumann.
—ÞH Selina Guðmundsdóttir.